

Nefndarsvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 8.11.2022

Tilvísun: 00.05 Lög og reglugerðir

Málsnúmer: M-2022-10-4042

Efni: Umsögn í 353. máli 153. löggjafarþings 2022-2023 - Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 100/2020 (lausasöluþyf).

Lyfjastofnun vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 26. október 2022. Í tölvupóstinum var frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 100/2020 (lausasöluþyf), sent Lyfjastofnun til umsagnar.

Í frumvarpinu er lagt til að 2. másl. 3. mgr. 33. gr. lyfjalaga falli á brott. Verði frumvarpið samþykkt verða gagngerar breytingar á lyfsölu lausasöluþyfa á Íslandi.

1. Formáli

Með gildistöku nýrra lyfjalaga nr. 100/2020, þann 1. janúar 2021, var Lyfjastofnun heimilt að veita almennum verslunum, á svæðum þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú, undanþágu frá kröfunni um lyfsöluþyf til að stunda smásölu tiltekinna lausasöluþyfa. Í 3. mgr. 33. gr. laganna segir um þessa heimild:

*Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. til sölu **tiltekinna lausasöluþyfa** í almenntri verslun. Slíkar undanþágur **má aðeins veita þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú**. Lyfjastofnun skal birta lista á vef sínum yfir þau lyf, styrkleika og pakkningar sem heimilt er að seja samkvæmt ákvæði þessarar málsgreinar. Ákvæði b-liðar 40. gr. á einnig við um þá sem veitt er undanþága af þessum toga.*

Lyfjastofnun tók saman fyrir stuttu minnisblað fyrir heilbrigðisráðuneytið um framkvæmdina. Minnisblaðið fylgir umsögn þessari og vísar Lyfjastofnun til þess fyrir upplýsingar um gildandi framkvæmd.

2. Mat á áhrifum lagafrumvarpsins

Ljóst er að núverandi markmið lyfjalaga um sölu lausasöluþyfa í almennum verslunum mun ekki lengur eiga við ef frumvarpið verður samþykkt. Markmið lyfjalaga er að tryggja aðgengi að lausasöluþyfjum á svæðum þar sem ekki er starfrækt lyfsala með þeim hætti að salan raski ekki viðkvæmri stöðu hefðbundinnar lyfsölu á landsbyggðinni.

Vert er að ítreka að sú tilhögun að heimila smásölu lyfja án lyfsöluþyfis er í eðli sínu framkvæmd sem þarf að vera vel ígrunduð. Lyf eru ekki almenn neysluvara og röng geymsla þeirra eða röng notkun getur valdið sjúklingum og notendum lyfja miklu tjóni. Sú ráðgjöf sem fer fram í lyfjabúðum og útibúum þeirra hefur það markmið að stuðla að réttri og ábyrgri notkun lyfja og takmarka þannig áhættu sem skapast getur við ranga notkun lyfja.

Markmið þess lagafrumvarps sem hér er til umfjöllunar samkvæmt greinagerð með frumvarpinu og umfjöllun flutningsmanns frumvarpsins virðist eingöngu byggja á sjónarmiðum um aukið aðgengi að lausasölulyfjum og áherslu á að þau verði seld sem víðast. Ljóst er að slík framkvæmd gengur þvert á markmið lyfjalaga og Lýðheilsustefnu stjórnvalda. Lyfjastofnun vekur í þessu sambandi athygli á markmiði lyfjalaga nr. 100/2020:

Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með öryggi sjúklinga að leiðarjóni og með sem hagkvæmastri dreifingu lyfja á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu eða samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við verslun með lyf skal ætíð haft í huga að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og aðilar við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni. Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja að tryggja eftir fönqum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.¹

2.1. Áhrif á mat þeirra lyfja sem Lyfjastofnun heimilar til sölu í almennum verslunum

Ef frumvarpið verður samþykkt myndi áhættumat Lyfjastofnunar á þeim lyfjum sem stofnunin telur að heimilt sé að selja í almennum verslunum óhjákvæmilega taka breytingum. Núverandi mat byggir eðli málsins samkvæmt á sjónarmiðum um aðgengi að tilteknum lyfjum á svæðum þar sem aðgengi er takmarkað. Sem dæmi bendir Lyfjastofnun á eftirfarandi atriði:

- Hafa ber í huga að parasetamóleitranir eru algengasta ástæða bráðrar lifrabilunar á Vesturlöndum en hér á landi voru 542 slíkar eitranir á árunum 2010-2017. Algengasta orsök eitrana eru sjálfsvígstilraunir ungra kvenna með lyfinu og er fylgni milli aðgengis að parasetamóli og aukningu í tíðni sjálfsvígstilrauna.²
- Þann 1. nóvember 2015 bönnuðu Svíar lausasölu parasetamóls taflna í almennum verslunum vegna gríðarlegrar aukningar á parasetamóleitrunum og að lyfið tengdist sjálfsvígstilraunum ungra stúlkna. Talið var að aukið aðgengi lyfjanna í almennum verslunum hefði orsakað aukninguna.³

Hið breytta mat kynni því að hafa áhrif á aðgengi landsbyggðar að slíkum lausasölulyfjum.

2.2. Áhrif á aðgengi lyfja

Aðgengi að sölustöðum lyfja er mikið á höfuðborgarsvæðinu. Þar er þriðjungur allra lyfjabúða á landsvísu. Lyfjastofnun telur að aðgengi að útsölustöðum lausasölulyfja á höfuðborgarsvæðinu sé fullnægjandi. Á þeim útsölustöðum fer fram ráðgjöf um lyfjanotkun, þekking er til staðar á geymslu þeirra og sala lyfjanna fer fram á grundvelli lyfsöluleyfis með öllum þeim skyldum sem á leyfinu hvílir, sbr. 40. gr. lyfjalaga.

Á landsbyggðinni er aðgengi að útsölustöðum með öðrum hætti og minna. Horfa þarf þó til þess að póst- og netverslun með lyf er heimil og söluhættir öðruvísi en áður tíðkuðust. Ekkert er því til fyrirstöðu að lausasölulyf séu send með pósti. Slík sala fer fram á grundvelli lyfsöluleyfis.

Á landsbyggðinni eru reknar 25 lyfjabúðir og 27 lyfjaútibú.⁴ Nýlega hætti lyfjaútibú í Laugarási rekstri vegna rekstrarörðugleika.

¹ Áherslur (undirstrikanir og feitlettranir) eru af hálfu Lyfjastofnunar.

² Áhugaverðar umfjallanir þar sem þetta kemur fram má m.a. finna í [Tímariti um Lyfjafræði 3. tbl. 2013 bls. 6](#) og [meistararitgerð Þorbiargar Andreu Friðriksdóttur um parasetamóleitranir á Landspítala](#).

³ Sjá m.a. [Increased availability of paracetamol in Sweden and incidence of paracetamol poisoning: using laboratory data to increase validity of a population-based registry study](#) o.fl.

⁴ Sé Akureyrarbær undanskilinn m.t.t. þéttbýlissjónarmiða er fjöldi lyfjabúða á landsbyggð 20. Fjöldi lyfjaútibúa helst óbreyttur.

Verði frumvarpið samþykkt og heimildin víkkuð með þeim hætti sem lagt er upp með getur það haft þær afleiðingar í för með sér að þjónustustigið úti á landi muni koma til með að skerðast. Þetta getur veikt þá lyfjafræðilegu þjónustu sem til staðar er úti á landi þar sem veltan mun minnka hjá þeim lyfjabúðum og lyfjaútibúum sem fyrir eru.

Lyfjastofnun telur að það þurfi að horfa til þess við hverslags breytingu á lyfsöluháttum að þjónustustig á landsbyggðinni vegna lyfjakaupa skerðist ekki við slíka breytingu.

2.3. Eftirlit

Ljóst er að eftirlit Lyfjastofnunar með almennum verslunum er takmörkum sett. Ekki eru innheimt eftirlitsgjöld líkt og hjá öðrum lyfsölum og engin skýr lagaákvæði eru til skýringar þeirra krafna sem gerðar eru til sölu lyfja í almennum verslunum.

Lyfjastofnun telur að það þurfi að gæta þess að eftirlit með sölu lausasölu lyfja í almennum verslunum fari fram með fullnægjandi hætti og að kostnaður við eftirlitið sé greiddur í formi eftirlitsgjalda líkt og tíðkast hjá öðrum sem heimild hafa til lyfsölu.

3 Niðurstaða

Lyfjastofnun telur að aðgengi að sölustöðum lyfja í þéttbýli sé fullnægjandi og að frekari útvíkkun á ákvæði lyfjalaga um sölu lyfja í almennum verslunum kunni að leiða til skerðingar á faglegri þjónustu á landsbyggðinni.

Lyfjastofnun telur jafnframt, sé skýr vilji löggjafans að breyta langri venju við sölu lausasölu lyfja, að breytingin skuli einskorðast við landsbyggðina þar sem slæmt aðgengi er að lyfjum. Þá þarf sala lyfja í almennri verslun með einhverjum hætti að fara fram með aðkomu þeirra lyfsölu leyfishafa sem þegar sinna og þekkja lyfsölu. Lyfjastofnun lýsir sig tilbúna að vinna að slíkum breytingum í samráði við hagsmunaaðila sé þess óskað en stofnunin ítrekar að leggja ætti áherslu á að slíkar breytingar séu bundnar við lyfsölu í dreifbýli en ekki í þéttbýli þar sem Lyfjastofnun telur þjónustustig við lyfsölu vera mjög gott.

Lyfjastofnun lýsir sig jafnframt reiðubúna til að senda á fund velferðarnefndar fulltrúa sína til að skýra afstöðu sína frekar eða svara spurningum nefndarmanna sé þess óskað.

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 30.9.2022
Tilvísun: 07.00 Lyfsala, lyfjadreifing og lyfjaumsýsla - almennt
Málsnúmer: M-2022-09-3558

Sala tiltekinna lausasöluulyfja í almennum verslunum Minnisblað

Efnisyfirlit

Formáli.....	1
Mat á sölustöðum	2
Mat á lausasöluulyfjum	3
Mat á áhrifum undanþágunnar	3
Tölfræði	3
Eitranir	4
Niðurstaða	4
Viðauki I - Listi yfir almennar verslanir sem hafa fengið undanþáguheimildina	5
Viðauki II - Listi yfir lausasöluulyf sem heimilt er að selja með undanþáguheimildinni.....	5
Viðauki III - Fyrirspurn frá Alþingi.....	6

Formáli

Með gildistöku nýrra lyfjalaga nr. 100/2020, þann 1. janúar 2021, varð Lyfjastofnun heimilt að veita almennum verslunum, á svæðum þar sem þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú, undanþágu frá kröfunni um lyfsöluulyfi til að stunda smásölu tiltekinna lausasöluulyfja. Í 3. mgr. 33. gr. lyfjalaga segir um þessa heimild:

Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. til sölu tiltekinna lausasöluulyfja í almennri verslun. Slíkar undanþágur má aðeins veita þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú. Lyfjastofnun skal birta lista á vef sínum yfir þau lyf, styrkleika og pakkningar sem heimilt er að selja samkvæmt ákvæði þessarar málsgreinar. Ákvæði b-liðar 40. gr. á einnig við um þá sem veitt er undanþága af þessum toga.

Í nefndaráliti meiri hluta velferðarnefndar Alþingis um frumvarp það sem varð að lyfjalögum nr. 100/2020 segir m.a. um nefnda undanþágu:

Meiri hlutinn bendir á að lyf geta ekki talist almenn neysluvara og ekki skynsamlegt að rýmka slíkar heimildir úr hófi. Á hinn bóginn tekur meiri hlutinn undir það að mikilvægt kunni að vera að heimild sé til sölu tiltekinna lausasöluulyfja á svæðum þar sem lant er í næstu lyfjaafreiðslu með undanþáguheimild


frá Lyfjastofnun. Leggur meiri hlutinn til breytingu þess efnis að Lyfjastofnun verði heimilt að veita undanþágu frá meginreglu 1. mgr. 33. gr. til sölu tiltekinna lausasölulyfja í almennri verslun á svæðum þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú. **Meiri hlutinn ítrekar jafnframt mikilvægi þess að slík undanþáguheimild verði túlkuð brönat og að útfærsla þeirra skilyrða sem um slíka heimild skuli gilda verði skýr. Í því sambandi áréttar meiri hlutinn að ákvæðinu er ætlaður sá tilgangur að bregðast við þeirri stöðu sem mögulegt er að komi upp í dreifðari byggðum landsins en ekki að heimild verði veitt til starfsemi af slíkum toga innan einstakra hverfa innan þéttbýlis.** Lagt er til að heimildin sé bundin við svæði þar sem aðgengi að lyfjum er afar erfitt með tilliti til Jjarlægða eða veðurastæðna.¹

Lyfjastofnun er því annars vegar gert að meta hvort sölustaðirnir uppfylli skilyrði fyrir veitingu undanþágunnar og hins vegar hvort lausasölulyfin henti til sölu í almennri verslun.

Mat á sölustöðum

Lyfjastofnun hefur skilgreint að til að heimilt sé að selja tiltekin lausasölulyf í almennri verslun, þurfi að vera a.m.k. 20 kílómetrar í næsta apótek eða lyfjaútibú. Lyfjastofnun lítur þó til annarra þátta við úrlausn þeirra umsókna sem berast stofnuninni sem kynnu að vera í samræmi við vilja löggjafans um erfitt aðgengi að lyfjum. Þá hefur almenn verslun verið skilgreind á þann hátt að um alla aðra verslun en verslun á grundvelli lyfsöluleyfis sé að ræða. Telur Lyfjastofnun að sú nálgun sé í samræmi við vilja löggjafans þegar kemur að túlkun lagaákvæðisins.

Lyfjastofnun hefur heimilað [15 almennum verslunum](#) að selja tiltekin lausasölulyf á grundvelli undanþáguheimildarinnar. Á meðfylgjandi mynd má sjá staðsetningu þeirra.



¹ 150. löggjafarþing 2019-2020, þskj. 1721 – 390. mál (<https://www.althingi.is/altext/150/s/1721.html>). Áherslur (undirstrikanir og feitletranir) eru af hálfu Lyfjastofnunar.

Mat á lausasölulyfjum

Þar sem að lagaákvæðið tilgreinir sérstaklega að um tiltekin lausasölulyf sé að ræða en ekki öll metur Lyfjastofnun hvort heimila eigi sölu hvers lausasölulyfs út frá áhættuþáttum sem kunna að krefjast faglegri söluháttu með öryggi sjúklinga fyrir augum.

Lyfjastofnun byggir í því mati afstöðu sína á markmiði lyfjalaga að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun og sporna við óhóflegri notkun. Horfa verður til þess að lyf geta verið skaðleg séu þau notuð rangt, lyf geta milliverkað við önnur lyf eða valdið aukaverkunum.

Sérstakar sölutakmarkanir sem tilgreina hámarks magn eru á mörgum lausasölulyfjum, s.s. prótónpumpuhemlum, lyfjum sem auka þarmahreyfingar, lyfjum sem draga úr þarmahreyfingum, sveppalyfjum til staðbundinnar útvortis notkunar, sýklalyfjum til staðbundinnar útvortis notkunar, barksterakrem, neyðargetnaðarvarnir, sveppasýkingarlyf, veirulyf til altækrar notkunar, bólgueyðandi lyfjum, verkjalyfjum, andhistamínlyfjum til altækrar notkunar o.fl.

Þessar sölutakmarkanir eru settar á fyrir margar sakir og geta verið allt frá áhættumati á langtímanotkun yfir í áhættu á misnotkun eins og með lyfjum sem auka þarmahreyfingar eða verkjalyfjum.

Að auki við þau lausasölulyf sem sæta sérstökum sölutakmörkunum kunna önnur lausasölulyf, sem ekki sæta slíkum sölutakmörkunum, engu að síður að hafa ýmiss áhrif sem þyrfti að meta í samhengi við sjálfval þeirra, s.s. adrenvirk neflyf eða lyf sem innihalda blöndur saltsambanda. Adrenvirk neflyf geta myndað bakslagsáhrif og krónískar nefholubólgur séu þau eru notuð í yfir 7 daga. Saltblöndur milliverka við mörg lyf, s.s. með myndum málmkomplexa sem hefur áhrif á frásog margra lyfja.

Þá eru í gildi ríkar kröfur til geymsluskilyrða lyfja en miklar hitabreytingar geta haft áhrif á stöðugleika þeirra og virkni.

Lyfjastofnun [birtir lista yfir þau lausasölulyf](#) sem stofnunin heimilar að séu seld á grundvelli lagaákvæðisins.

Mat á áhrifum undanþágunnar

Erfitt er að festa reiður á lýðheilsulegum áhrifum lagaákvæðisins enda hefur heimildin eingöngu verið í gildi yfir stutt tímabil. Fyrsta almenna verslunin fékk heimildina 24. mars 2021. Þá er það úrval sem selja má á grundvelli undanþágunnar takmarkað m.t.t. fyrrnefndra öryggissjónarmiða og staðsetning sölustaða með þeim hætti að fjöldi seldra pakkninga er tölfræðilega ómarktækt í vinnu við mat á slíkum áhrifum.

Tölfræði

Lyfjastofnun óskaði eftir upplýsingum frá heildsölum til að meta hlutfall þeirra lausasölulyfja sem seld voru í almennum verslunum. Voru þau virku innihaldsefni sem heimilt er að selja á fyrrnefndri undanþágu skoðuð. Notast var við selda dagskammta² af lyfjaefnunum.

Líkt og sjá má á meðfylgjandi töflu er sala lausasölulyfja í almennum verslunum lítil.

² Notast var við skilgreinda dagskammta (DDD).



Virkt innihalds-efni	Heildarsala árið 2021 (DDD)	Sala til almennra verslana árið 2021 (DDD)	Hlutfall almennra verslana árið 2021	Heildarsala fyrstu þrjá ársfjórðunga 2022 (DDD)	Sala til almennra verslana fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2022 (DDD)	Hlutfall almennra verslana fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2022
Cetirizín	760.030	2.170	0,3%	585.620	1.740	0,3%
Íbúprófen	4.450.496	2.927	0,1%	3.408.944	2.940	0,1%
Lóratadín	2.346.580	4.360	0,2%	1.943.520	4.090	0,2%
Parasetamól	2.815.125	5.644	0,2%	2.391.476	6.848	0,3%

Eitranir

Í ársskýrslum eitrunarmiðstöðvarinnar má finna upplýsingar um símtöl vegna eitrona, m.a. af völdum lyfja. Árið 2021 voru skráð símtöl 2.676 og hafði fjöldi þeirra aukist lítillega á milli ára eða úr 2.445 frá árinu áður. Hlutfall símtala vegna rangrar lyfjagjafa jókst úr 34% í 47% en ekki er skráð niður hvort ranga lyfjagjöf megi rekja beint til lausasölulyfja. Í ársskýrslunum kemur þó fram að á árinu 2021 voru um 13% símtala vegna lyfjaitrona vegna lyfja sem selja má í lausasölu, þ.e. NSAID og parasetamól lyfja.³

Hafa ber í huga að parasetamóleitranir eru algengasta ástæða bráðrar lifrabilunar á Vesturlöndum en hér á landi voru 542 slíkar eitranir á árunum 2010-2017. Algengasta orsökkin eru sjálfsvígstilraunir ungra kvenna með lyfinu og er fylgni milli aðgengis að parasetamóli og aukningu í tíðni sjálfsvígstilrauna.⁴

Þann 1. nóvember 2015 bönnuðu Svíar lausasölu parasetamóls taflna í almennum verslunum á þeim grundvelli, þ.e. vegna gríðarlegrar aukningar á parasetamóleitrunum og sér í lagi sem tengdust sjálfsvígstilraunum ungra stúlkna. Talið var að aukið aðgengi lyfjanna í almennum verslunum hefði orsakað aukninguna.⁵

Niðurstaða

Undanþáguheimild til sölu tiltekinna lausasölulyfja í almennum verslunum á grundvelli 33. gr. lyfjalaga, nr. 100/2020 hefur ekki haft marktæk áhrif á sölu lausasölulyfja, sbr. framangreinda umfjöllun.

Markaðshlutdeild sölnunnar er á bilinu 0,1 - 0,3%.

Ekki er hægt greina áhættu á misnotkun á lausasölulyfjum í tengslum við undanþáguheimildina eða yfirfæra á stærra þýði. Áhrif af sölu lausasölulyfja í almennum verslunum eru margbrotin, sbr. aukna tíðni sjálfsvígstilrauna í Svíþjóð og minni ráðgjöf við sölu þeirra sem kann að orsaka óbeinan kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

Frekari rannsóknir og ítarlegra samráð við fagfélög heilbrigðisstétta þyrfti að fara fram til að hægt sé að meta lýðheilsuáhrif vegna lausasölu lyfja í almennum verslunum.

³ Sjá ársskýrslur [eitrunarmiðstöðvarinnar](#) fyrir árin 2020 og 2021.

⁴ Áhugaverðar umfjallanir þar sem þetta kemur fram má m.a. finna í [Tímariti um Lyfjafræði 3. tbl. 2013 bls. 6](#) og [meistararitgerð Þorbjargar Andreu Friðriksdóttur um parasetamóleitranir á Landspítala](#).

⁵ Sjá m.a. [Increased availability of paracetamol in Sweden and incidence of paracetamol poisoning: using laboratory data to increase validity of a population-based registry study](#) o.fl.



Viðauki I - Listi yfir almennar verslanir sem hafa fengið undanþáguheimildina

Heiti	Heimilisfang	Póstnúmer	Staður
Baulan	Baulu	311	Borgarnes
Búðin Borgarfirði	Gamla pósthúsið	720	Borgarfirði eystri
Gullfosskaffi	Við Gullfoss	860	Selfoss (dreifbýli)
Hálendismiðstöðin Hrauneyjar	Sprengisandsleið	851	Hellu (dreifbýli)
Hríseyjarbúðin	Norðurvegi 7-11	630	Hrísey
Kaupfelagið	Sólvellir 25	760	Breiðdalsvík
Kjörbúðin Fáskrúðsfirði	Skólavegi 56	750	Fáskrúðsfirði
Krambúðin á Flúðum	Grund	845	Flúðum
Krambúðin á Laugarvatni	Dalbraut 8	840	Laugarvatni
KS Hofsósi	Suðurbraut 9	565	Hofsós
KS Ketilási	Ketilás	570	Fljótum
N1 Staðarskála	Staðarskála	500	Stað
Olís Varmahlíð	Varmahlíð	561	Varmahlíð
Reykholabúðin	Hellisbraut 72	380	Reykholahreppi
Söluskálinn Freysnesi	Skaftafelli 2, Freysnesi	785	Öræfi

Viðauki II - Listi yfir lausasölulyf sem heimilt er að selja með undanþáguheimildinni

Heiti lyfs	Virkt innihaldsefni	Lytjaforn	Styrkur Ein.	Magn / Fjöldi	Eining	Fj. íláta	Umbúðagerð	Nvnr	ATC
Cetirizine Alvogen	Cetirizinum INN dihydróklóríð	Filmuhúðuð tafla	10 mg	10 stk.			Þynnupakkning	438514	R06AE07
Dolorin	Paracetamolum INN	Tafla	500 mg	20 stk.			Þynnupakkning	179207	N02BE01
Dolorin Junior	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	125 mg	10 stk.			Þynnupakkning	105621	N02BE01
Dolorin Junior	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	250 mg	10 stk.			Þynnupakkning	443255	N02BE01
Histasín	Cetirizinum INN dihydróklóríð	Filmuhúðuð tafla	10 mg	10 stk.			Þynnupakkning	153080	R06AE07
Ibuprofen Bril	Ibuprofenum INN	Filmuhúðuð tafla	200 mg	20 stk.			Þynnupakkning	545554	M01AE01
Ibutrix	Ibuprofenum INN	Mixtúra, dreifa	20 mg/ml	200 ml			Glas	037141	M01AE01
Ibúfen	Ibuprofenum INN	Filmuhúðuð tafla	200 mg	20 stk.			Þynnupakkning	116551	M01AE01
Lóritín	Loratadinum INN	Tafla	10 mg	10 stk.			Þynnupakkning	002487	R06AX13
Nurofen Junior Appelsín	Ibuprofenum INN	Mixtúra, dreifa	40 mg/ml	100 ml			Glas	598925	M01AE01
Panodil	Paracetamolum INN	Filmuhúðuð tafla	500 mg	20 stk.			Þynnupakkning	409193	N02BE01
Panodil Brus	Paracetamolum INN	Freyðitafla	500 mg	20 stk.			Þynnupakkning	433126	N02BE01
Panodil Hot	Paracetamolum INN	Mixtúruðuft, lausn	500 mg	10 stk.			Skammtapoki	557907	N02BE01
Panodil Junior	Paracetamolum INN	Mixtúra, dreifa	24 mg/ml	60 ml			Glas	550624	N02BE01
Panodil Junior	Paracetamolum INN	Mixtúra, dreifa	24 mg/ml	100 ml			Glas	495731	N02BE01
Panodil Junior	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	125 mg	10 stk.			Þynnupakkning	550731	N02BE01
Panodil Zapp	Paracetamolum INN	Filmuhúðuð tafla	500 mg	20 stk.			Þynnupakkning	082830	N02BE01
Paracet	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	125 mg	10 stk.			Þynnupakkning	503078	N02BE01
Paracet	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	60 mg	10 stk.			Þynnupakkning	454819	N02BE01
Paratabs	Paracetamolum INN	Filmuhúðuð tafla	500 mg	20 stk.			Þynnupakkning	413988	N02BE01
Pinex	Paracetamolum INN	Mixtúra, lausn	24 mg/ml	100 ml			Glas	196551	N02BE01
Pinex	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	500 mg	10 stk.			Þynnupakkning	488114	N02BE01
Pinex Junior	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	125 mg	10 stk.		1	Þynnupakkning	487959	N02BE01
Pinex Junior	Paracetamolum INN	Endaparmsstíll	250 mg	10 stk.		1	Þynnupakkning	475327	N02BE01
Strepsils Cool	Amylmetacresolum INN, Dichlorobenzylalcohol	Munnsgostafía		24 stk.			Þynnupakkning	026569	R02AA03
Strepsils Ingefær	Amylmetacresolum INN, Dichlorobenzylalcohol	Munnsgostafía		24 stk.			Þynnupakkning	176773	R02AA03
Strepsils Jordbær Sukkerfí	Amylmetacresolum INN, Dichlorobenzylalcohol	Munnsgostafía		24 stk.			Þynnupakkning	493113	R02AA03
Strepsils með Honning og Citron	Dichlorobenzylalcohol, Amylmetacresolum INN	Munnsgostafía		24 stk.			Þynnupakkning	541169	R02AA03
Zensitin	Cetirizinum INN dihydróklóríð	Filmuhúðuð tafla	10 mg	10 stk.			Þynnupakkning	376510	R06AE07



Viðauki III - Fyrirspurn frá Alþingi

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 175 — 174. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um lyfsölu utan apóteka.

Frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur.

1. Hefur undanþáguheimild til sölu tiltekinna lausasöluulyfja í almennum verslunum skv. 33. gr. lyfjalaga, nr. 100/2020, gefið góða raun?
2. Hefur misnotkun á lausasöluulyfjum aukist frá því að lög nr. 100/2020 tóku gildi? Ef svo er, er hægt að rekja þá auknu misnotkun til sölu tiltekinna lausasöluulyfja í almennum verslunum?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að heimiða fleiri almennum verslunum sölu tiltekinna lausasöluulyfja sem hafa hlotið undanþágu skv. 33. gr. lyfjalaga?